

Málskostnaður fellur niður, að því er varðar þetta úrskurðaratriði.

Mánudaginn 28. janúar 1963.

Nr. 150/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Sveinbirni Anton Jónssyni

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um ólöglega áfengissölu.

Dómur Hæstaréttar:

Ásmundur S. Jóhannsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að málinu var áfrýjað, hafa verið háð framhaldspróf í því og ýmis gögn verið lögð fram í Hæstarétti.

Svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi, hafa vitnin Stefán Kristdórsson, fæddur 7. ágúst 1944, og Atli Viðar Jóhannesson Skarphéðinsson, fæddur 30. ágúst 1941, borið það og staðfest fyrir dómi, að þeir hafi hvor um sig keypt af ákærða samtímis eina flösku af brennivíni og greitt hana með kr. 230.00. Kveða þeir kaup þessi hafa farið fram í leigubifreið ákærða, A 141, í leiguakstri um Skipagötu, Kaupvangsstræti og Hafnarstræti að bifreiðarstöð Oddeyrar á Akureyri.

Ákærði hefur eindregið neitað að hafa selt mönnum þessum áfengi, og eru vitnin ein til frásagnar um það.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, gætir allmikils ósamræmis í framburði vitna þessara, bæði innbyrðis og við samanburð á framburði þeirra.

Vitnið Stefán telur áfengissöluna hafa farið fram laugardaginn 30. júlí 1960, en vitnið Atli Viðar segist „ekki geta staðhæft, hvaða mánaðardag það var, en það var um verzl-

unarmannahelgina, og telur, að það hafi verið sunnudaginn 31. júlí s.l.“

Um það atriði, á hvaða tíma dags kaupin hafi átt sér stað, segir vitnið Stefán í lögregluskýrslunni 16. ágúst 1960, sem það staðfesti fyrir sakadómi sama dag, að það hafi verið laugardagskvöldið 30. júlí s.l. Vitnið Atli Viðar segir aftur á móti í sakadómi 1. september 1960: „Vitnið kveðst ekki muna það örugglega, hvenær um daginn þeir Stefán keyptu fyrirnefnt áfengi, en telur að það hafi verið síðari hluta dags, en þó fyrir kvöldmat.“

Á dómþingi 23. maí 1962 segir vitnið Stefán: „Vitnið bætir því við, að það hafi farið austur í Vaglaskóg síðari hluta laugardags og dvaldi þar daginn eftir og fram á mánudagsnótt og kveðst það ekki hafa komið til Akureyrar á þessu tímabili“, en á dómþingi 1. september 1960 hafði vitnið sagt, að það hafi farið „seint um kvöldið með áætlunarbil austur í Vaglaskóg og segist einnig hafa farið á sunnudagskvöldið og á mánudagskvöldið“.

Við sampröfun vitnanna 23. september 1962 er bókað: „Vitnið Stefán segir, að viðskipti þess við Sveinbjörn hafi átt sér stað á tímabilinu kl. 19.00 til 20.00 greindan dag, og segir vitnið Atli, að sú tímasetning muni vera nálægt lagi, að því er það bezt viti.“

Þegar síðastnefnt vætti var tekið, var það komið fram í málinu, að ákærði hafði verið í utanbæjarakstri frá því rétt eftir hádegi laugardaginn 30. júlí 1960 og þar til klukkan var nær því 19, og hafði farið aftur í utanbæjarakstur skömmu eftir að hann hafði lokið kvöldverði.

Á dómþingi sakadóms Akureyrar 1. september 1960 er bókað eftir vitninu Stefáni: „Vitnið tekur fram, að það hafi verið ölvað, er það keypti vínið af Sveinbirni“, en í dómþingi sama réttar 23. maí 1962, er vitnin Stefán og Atli Viðar voru sampröfuð, segir svo: „Aðspurð lýsa vitnin því yfir, að þau hafi hvorugt neytt áfengis, áður en vínkaup þeirra af kærða áttu sér stað.“

Í sakadómi 1. september 1960 skýrir vitnið Atli Viðar svo frá, að eftir að umrædd áfengiskaup hafi átt sér stað,

hafi hann hitt Ragnar Sigurgeirsson, Hafnarstræti 2. Hann hafi síðan farið inn í Bifreiðastöð Akureyrar og hitt nafngreindan bifreiðarstjóra, ekið með honum í bifreið hans og keypt einnig af honum áfengisflösku fyrir 230 krónur. Síðan segir: „Vitnið tekur fram, að Ragnar og Stefán hafi vitað, að vitnið fór að kaupa áfengi.“ „Vitnið segir, að skömmu síðar hafi það, Ragnar og Stefán farið inn í fyrrnefndan Reykjavíkurbíl og fengið sér gosdrykki til ferðarinnar. Eftir það tóku þeir tvær stúlkur upp í bílinn og óku síðan austur í Vaglaskóg. Vitnið man ekki númer á Reykjavíkurbílnum og þekkir ekki bifreiðarstjóran.

Vitnið tekur nú fram, að sig misminni, að Stefán hafi farið í bifreiðinni austur, það hafi verið Gunnar Jakobs-son, Eiðsvallagötu 1, en það hitti hann í miðbænum.“

Vitnið Stefán mætir í sakadóminum sama dag, og er þá bókað eftir honum: „Vitnið kveðst ekki vita til þess, að Atli Jóhannesson hafi keypt meira áfengi þetta kvöld og kveðst ekki hafa séð hann síðar um kvöldið og veit ekki, hvort hann hafi farið austur.“

Vitnið Guðmundur Ragnar Sigurgeirsson, 18 ára, kom fyrir sakadóminn sem vitni daginn eftir, 2. september 1960, og er þetta þá bókað eftir honum: „Vitninu er gert kunnugt vætti Atla Jóhannessonar hér fyrir dóminum. Kveðst vitnið kannast við þá Stefán Kristdórsson og Atla, en minnst þess ekki að hafa hitt þá við Ferðaskrifstofuna um verzlunarmannahelgina, laugardaginn 30. júlí eða 31. júlí. Kveðst hann því ekkert geta um það borið, hvort þeir keypt áfengi þetta kvöld eða af hverjum. Hann kveðst hafa farið í Vaglaskóg þessa helgi, en ekki með fyrrnefndum piltum og ekki neytt vins.“

Á dómþingi 23. maí 1962 segir svo vitnið Atli Viðar um þessi síðari áfengiskaup, sem hann hafði lýst svo greinilega, hvar fram hefðu farið: „Vitnið Atli Viðar kveðst ekki muna, hvort það keypti sjálft flöskuna af Valgeir eða fékk einhvern til að kaupa hana fyrir sig.“

Á dómþingi sakadóms Akureyrar 23. maí 1962 er eftirfarandi bókað eftir vitninu Stefáni um ferðalag vitnanna í

Vaglaskóg, sem drepíð er á hér að framan: „Vitninu er kynntur framburður þess gefinn í dómi 1. september 1960 og segir það á misskilningi byggt, þar sem það bar, að hann hafi ekki séð Atla Jóhannesson síðar laugardagskvöldið 30. júlí 1960, eftir að áfengiskaupin áttu sér stað, og að hann hafi ekki vitað, hvort Atli Viðar færi austur það kvöld. Hann ítrekar, að Atli Viðar hafi orðið sér samferða í áætlunarbifreiðinni austur.“

Við samprófun vitnanna þennan sama dag um ferðalag þeirra austur í Vaglaskóg er þetta bókað: „Segir vitnið Stefán ítrekað, að það hafi farið með áætlunarbifreið austur á laugardagskvöldið. En vitnið Atli segir, að það hefði einnig keypt farmiða með áætlunarbifreiðinni í sama skipti og Stefán, en skilað honum aftur og farið með bifreið frá Reykjavík, er honum bauðst far með.

Vitnið kveðst ekki muna, hverjir voru farþegar með þeirri bifreið, en sig minni, að Guðmundur Ragnar Sigurgeirsson hafi verið þar ásamt fleirum.“

Ýmislegs annars ósamræmis gætir í framburði vitnanna Stefáns og Atla Viðar, þó að ekki þyki ástæða til að rekja það nánar.

Þegar metinn er framburður þessara vitna, þykir hann vera svo gallaður, að ekki sé fært gegn eindreginni neitun ákærða, sem ekki hefur áður sætt ákæru eða refsingu fyrir ólöglegan flutning eða sölu áfengis, að telja hann sönnun þess, að ákærði hafi selt þeim áfengi það, sem um ræðir í máli þessu, enda renna engar aðrar stoðir undir áburðinn.

Það ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir héraðsdómi, Ragnars Seinbergssonaar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Anton Jónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00 og málsvarnarlaun Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Dómur sakadóms Akureyrar 26. september 1961.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 17. júlí s.l., á hendur Sveinbirni Antoni Jónssyni leigubifreiðarstjóra, Strandgötu 29, Akureyri, fyrir að hafa að kvöldi laugardagsins 30. júlí 1960 selt piltunum Stefáni Kristdórssyni, 16 ára, Aðalstræti 7, og Atla Viðari Jóhannessyni, 19 ára, Gránufélagsgötu 27, báðum á Akureyri, hvorum um sig eina flösku af áfengi á 230 krónur, en viðskipti þessi gerðust í bifreið ákærða A 1414 í leiguakstri um Skipagötu, Kaupvangsstræti og Hafnarstræti að bifreiðastöð Oddeyrar, Akureyri.

Brot þessi teljast varða við 1. mgr. 16. gr. og 18. gr., sbr. 39. og 41. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að þola upptöku hins ólögsmæta ávinnings samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Ákærði, sem er sakhæfur, fæddur 26. júní 1925 að Hlíðarhaga, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, sætti hinn 29/10 1947 á Akureyri 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, en hefur að öðru leyti hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru sem hér greinir: Þriðjudaginn 16. ágúst 1960 kom vitnið Stefán Kristdórsson, þá 16 ára, á lögreglustöðina á Akureyri og tilkynnti lögreglunni, að það hefði verið statt við B.S.O. laugardagskvöldið 30. júlí þ. á. ásamt félaga þess, Atla. Komu þeir að máli við ákærða í máli þessu og föluðust eftir víni hjá honum. Tók ákærði þessari málaleitan vel, en kvaðst mundu þurfa að sækja vínið heim til sín, og biðu þeir félagar á meðan. Skömmu síðar kom ákærði aftur og tók þá félagar upp í bifreið sína A 1414 og ók inn Skipagötu um Kaupvangsstræti, Hafnarstræti og stöðvaði bifreið sína við B.S.O. Á fyrrgreindri leið tók ákærði tvær flöskur af brennivíni undan framsæti bifreiðarinnar og afhenti þeim sína flöskuna hvorum og sagði, að

hvor flaska kostaði kr. 230.00, og inntu þeir félagar þá greiðslu af hendi. Viðskiptum þessum var lokið, áður en komið var aftur að B.S.O. Vitnið Stefán kom fyrir dóm sama dag og bar þá á sömu lund. Vitnið Atli Viðar Jóhannesson, 19 ára, kom fyrir dóm hinn 1. september s. á., og bar, að það hefði ásamt vitninu Stefáni keypt tvær flöskur af áfengi af ákærða, en gat ekki staðhæft, hvenær þau kaup áttu sér stað, en það var um verzlunarmannahelgina þ. á., og taldi vitnið, að það hefði verið sunnudaginn 31. júlí. Kvað vitnið kaupin hafa gerzt í bifreið ákærða, meðan henni var ekið um Skipagötu og Hafnarstræti og niður að B.S.O. og greiddi vitnið ákærða þar kr. 230.00 fyrir sína flösku og taldi, að vitnið Stefán hafi greitt sama verð fyrir sína flösku. Sama dag kom einnig fyrir dóm vitnið Stefán og bar þá hið sama varðandi áfengiskaupin, sem það kvað hafa átt sér stað áðurgreint laugardagskvöld. Vitnið kveðst hafa verið undir áhrifum af engis, er kaupin gerðust.

Ákærði hefur neitað sök sinni og kvaðst ekki hafa verið staddur í bænum laugardaginn 30. júlí, en ekið þann dag þýzku skemmtiferðafólki austur að Goðafossi og komið aftur í bæinn kl. 18—19. Að lokinni kvöldmáltíð ók ákærði tveim mönnum og gestum þeirra víðs vegar um Akureyri og Eyjafjörð og kom heim um kl. 02.00 nóttina eftir. Daginn eftir kvaðst ákærði hafa stundað leiguakstur innanbæjar. Ákærði kvað útilokað, að hann hefði talað við vitnin Stefán og Atla laugardaginn 30. júlí og mundi ekki eftir að hafa ekið þeim sunnudaginn 31. júlí.

Í dómi 2. maí 1962 var ákærða boðin sátt, sem hann fékk frest til að tjá sig um til laugardags 12. maí s. á.

Ákærði mætti eigi í dómi þann dag, og var málið þá sent saksóknara ríkisins til fyrirsagnar, sem með bréfi sínu, dags. 12. júní s.l., samþykkti fyrir sitt leyti, að málinu væri lokið með dómsátt, og í dómi 29. júní s. á. neitaði ákærði ítrekað sök sinni og þar af leiðandi að gangast undir sátt.

23. maí s.l. komu vitnin Stefán og Atli Viðar fyrir dóm á ný. Vitnið Stefán staðfesti framburð sinn með eiði. Kvaðst það, að loknum áfengiskaupunum, hafa farið með áætluðarbifreið austur í Vaglaskóg ásamt félaga sínum Atla Viðari.

Vitnið Atli staðfesti framburð sinn með drengskaparheiti og kvaðst hafa farið austur í Vaglaskóg sama dag og vitnið Stefán, en verið farþegi í bifreið frá Reykjavík.

Er vitnin voru samprófuð, kom í ljós, að vitnið Atli Viðar hafði ásamt vitninu Stefáni, keypt sér farmiða með áætlunar-

bifreiðinni í vaglaskóg, en skilaði honum, er honum bauðst far með fyrrgreindri bifreið. Einnig lýstu vitnin því yfir, að þau hefðu hvorugt neytt áfengis, áður en vínkaup þeirra af ákærða áttu sér stað.

Verjandi ákærða krefst sýknu til handa ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins og krefst þess, að sér verði dæmd málsvarnarlaun við uppkvaðningu dómsins. Sýknukröfuna byggir hann á því, að eigi sé fram komin lögfull sönnun fyrir því, hvenær áfengissalan átti sér stað, þar sem vitnið Stefán telur það hafa verið laugardaginn 30. júlí 1960, en vitnið Atli Viðar sunnudaginn 31. júlí 1960, og verði þetta misræmi í framburðum þeirra að metast sakborningi í hag samkvæmt reglunni „in dubio pro reo“. Við sampröfun vitnanna kvað vitnið Stefán viðskipti þess við ákærða hafa átt sér stað á tímabilinu frá kl. 19.00 til kl. 20.00 greindan dag, þ. e. samkvæmt fyrri framburði hans laugardaginn 30. júlí 1960, og kvað vitnið Atli Viðar þá tímasetningu rétta, að því er það best vissi. Vitnið Atli Viðar hafði samt við sampröfun lýst því yfir, að þar sem svo langt væri um liðið síðan atvik gerðust, væru þau sér óljós í minni.

Verjandi ákærða telur fram ýmis konar misræmi í framburðum vitnanna Stefáns og Atla, sem dómaranum þykir ekki varða beint atriði viðkomandi sök þessari. Dómarinn aflaði sakarvottorða vitnanna Stefáns og Atla, og hafa þeir hvorugur sætt refsingum eða verið kærðir fyrir rangan framburði gefinn fyrir dómi eða meinsæri.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykja brot þau, sem ákært er fyrir, nægilega sönnuð og eru þau í ákæru rétt færð til refsíákvæða og samkvæmt þeim þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 6.000.00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 24 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Við ákvörðun refsingarinnar var hliðsjón höfð af 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einnig ber að gera upptækan ólögmætan ávinning ákærða til ríkissjóðs samkvæmt 3. tl., 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hann nemur kr. 120.00 samkvæmt vottorði Á.T.V.R., dags. 30. júlí s.l., hvar í greinir, að útsöluverð á brennivíni hafi verið kr. 170.00 á þeim tíma, sem brot var framið.

Að lokum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hdl., kr. 1.500.00.

Dráttur sá, sem varð á rannsókn málsins, stafar af erfiðleikum á því að ná til vitnanna Stefáns og Atla til samprófunar, en er dómariinn hugðist kalla þá fyrir dóm, var ætíð annar hvor þeirra fjarverandi úr umdæminu og eigi vitað, hvar hann var niður kominn.

Dráttur sá, sem varð á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af annríki dómarsins vegna sumarleyfa starfsmanna embættisins.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Anton Jónsson, greiði kr. 6.000.00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 24 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ólögmætur ávinningur, að fjárhæð kr. 120.00, er upptækur gerður til ríkissjóðs. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hdl., kr. 1.500.00. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1963.

Nr. 122/1962. **Henning Elísbergsson f. h. Arnar Elísbergs Henningssonar** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Haraldi Þórðarsyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Agreiningur um eignarrétt að sumarbústað.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1962. Krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að hann sé eigandi sumarbústaðarins Ár-